

Innköllun á tveimur stærðum af Nóa Konfektí

Nói Sírius innkallar pakkningar af Nóa Konfektí, annars vegar Konfekt í lausu 560g, vörunúmer 14454 með best fyrir dagsetningunni 4.8.2022 og hins vegar Konfektkassi 630g með best fyrir dagsetningunni 29.7. 2022

Því miður kom í ljós að málmagnir frá skammtara hafi hugsanlega smitast í fyllingar í konfektmolum. Um er að ræða einangrað tilfelli og á innköllunin ekki við um aðra konfektkassa.

Við höfum þegar tilkynnt viðeigandi yfirvöldum um innköllunina og komið upplýsingum á framfæri til söluaðila um að viðkomandi vara verði tekin úr sölu.

Vörurnar voru seldar í Krónunni, Samkaup (Nettó, Kjörbúðin Skagaströnd, Iceland) og Húsasmiðjunni Skútuvogi

Við hvetjum þá sem keypt hafa viðkomandi konfektkassa til að athuga dagsetningu á umbúðunum og koma kössunum til okkar. Við biðjumst innilegrar velvirðingar á þessum mistökum og munum að sjálfsgöðu bæta þeim það upp sem þegar hafa keypt vöruna.